

Nokkrar athugasemdir við fáeinar greinar í frumvarpi til laga um breytta réttarstöðu Pósts og síma vegna fundar með samgöngunefnd Alþingis.

Frumvarpið er mjög ófullkomið og lögmæti sumra greina dregið í efa. Veruleg óvissa er um hvernig staðið verði að gerð kjarasamninga í framtíðinni þ.e. hverjir muni semja fyrir starfsfólk og hlutafélagið. Mikill munur verður á stöðu gamalla opinberra starfsmanna annars vegar og svo ASÍ-fólks og þeirra sem ráðnir verða seinna. Lífeyrissjóðsmál og mörg önnur atriði eru ófrágengin, sérstaklega hjá starfsfólki framtíðarinnar. Athugasemdirnar skoðist í þessu ljósi.

1. gr.

Alþingi getur hvenær sem er samþykkt að selja hluti í Pósti og síma. Þó verður að telja líklegt að það verði ekki á þessu kjörtímabili.

2. gr.

Póstur og sími verður áfram eitt fyrirtæki. Þetta er á skjön við það markmið, sem sagt hefur verið að stefnt sé að, en það er að koma á fót öflugum fjarskiptafyrirtæki sem héldi innanlandshlutdeild sinni og gæti jafnvel sótt verkefni út fyrir landsteinana. Þetta kemur skýrt fram í athugasemdum með frumvarpinu en þar er töluvert fjallað um stöðu og framtíð fjarskiptaþjónustunnar. Rétt er tæpt á pósthjónustunni enda mikill munur á stöðu þessara greina í t.d. ESB.

Þær ályktanir, sem maður hlýtur að draga af röksemdafærslunni, eru að jafn nauðsynlegt sé að skilja Póst og síma í sundur eins og að breyta símanum í hlutafélag. Eðlilegt væri að ákvörðun um skilnað fyrirtækjanna væri tekin strax og í frumvarpinu væri hann dagsettur.

Þetta er nauðsynlegt ekki síst vegna starfsmannanna og stéttarféлага þeirra og mundi auðvelda nauðsynlegar breytingar á starfsmannamálum. Afar óheppilegt er að þurfa að taka starfsmannamálin og skipulag þeirra aftur upp eftir nokkur ár.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt verður framhaldið í höndum stjórnar og yfirmanna Pósts og síma h/f og spurning hvort vilji þeirra standi til að skipta félaginu.

6. gr.

Samgönguráðherra ræður öllum 14 aðal- og varamönnum í stjórn. Hann hefur látið þau orð falla að þeir yrðu úr fleiri en einum stjórnarmálaflokki. Hér verða því til 14 pólitískir bitlingar og hlýtur það að vera kærkomið.

Við höfum miklar efasemdir um þessa aðferð við val á mönnum í stjórn og teljum rétt að starfsmenn hafi ekki minni áhrif en verið hefur.

7. gr.

Verið er að athuga hvort kjarasamningar verði lausir við breytinguna.

8. gr.

Við teljum rétt að allir starfsmenn eigi rétt á sambærilegu starfi hjá nýja félaginu, ekki bara fastráðnir. Á sama hátt haldi allir sem eiga áunninn rétt hjá P&s honum hjá nýja félaginu.

Biðlaunaréttur og önnur sérréttindi opinberra starfsmanna verði borgaður þeim samkvæmt lögum og venjum. Ef hins vegar biðlaunaréttindi flytjast yfir á nýja fyrirtækið er eðlilegt að það nái til allra starfsmanna. Þannig að allir starfsmenn, sem voru BSRB, BHMR eða ASÍ og sem verða ráðnir í framtíðinni, hafi sömu grunnréttindi hjá nýja hlutafélaginu. Það hlýtur að vera ein af forsendum þess að hægt sé að gera sameiginlegan kjarasamning.

Að hindra þá, sem eiga rétt á töku lífeyris úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í að taka hann haldi þeir áfarm vinnu hjá nýja hlutafélaginu, er að okkar mati upptaka á réttindum.

(Mikill ágreiningur er um hvort þessi grein standist lög og líklegt að opinberir starfsmenn láti reyna á þetta fyrir dómstólum.)

11. gr.

Verður flutningur á fjármagni leyfður á milli fjarskiptaþjónustunnar og pósthjónustunar?

13. gr.

Hverjir skuli vinna í vinnudeilum vegna öryggis er hér sett í vald ráðherra. Allir starfsmenn verða undir lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur (1938) með verkfallsrétti. Er hægt að takmarka hann með þessu móti? Samningar milli hlutafélagsins og starfsamannaféalganna er eðlilegri farvegur.

Rafiðnaðarsambandið hefur ekki tekið formlega afstöðu til breytinga á rekstraformi Pósts og síma í hlutafélag en vill taka fram:

Engin breyting verði gerð sem skerði laun, kjör, áhrif eða atvinnuöryggi starfsmanna.

Félagafrelsi starfsmanna verði virt og rafiðnaðarmönnum sem og öðrum starfsstéttum verði látið eftir að ráða sjálfum skipan sinni í stéttarfélög eins og vinnulöggjöfin gerir ráð fyrir.

Verkfallsréttur er tryggður í vinnulöggjöfinni sem heyrir undir Félagsmálaráðuneytið. Hvað öryggisþjónustu Pósts og síma varðar hefur RSÍ ævinlega verið tilbúið til samkomulags um að tryggja þann rekstur í vinnudeilum.

Þeir sem komu á fund samgöngunefndar 6. mars 1996 kl. 11:10 voru:

Erlingur Tómasson rafeindavirki, fulltrúi ASÍ í starfsmannaráði P&s
Helgi Gunnarsson rafeindavirki, framkvæmdastjóri RSÍ
Valgeir Jónasson rafeindavirki hjá P&s, í miðstjórn RSÍ